

Nr. 071 / 11 Heiðrún SH 198***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 7038
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 9,6 brl. 11,3 bt.
Mesta lengd: 11,05 m Skráð lengd: 10,9 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 0,98 m
Vél: Iveco 236 kW 1988
Fjöldi skipverja: 2



Heiðrún ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2011 lá Heiðrún SH 198 við löndunarbryggju í Ólafsvíkurhöfn.

Skipverjar voru að fara frá borði en þegar annar steig upp á rekkverk rann hann til og féll. Hann lenti á bakinu á slétt þilfarið en í fallinu rakst hægri öxlin utan í lúgukarminn.

Slasaði leitaði læknis til aðhlyningar og kom þá í ljós að hann skaddaðist á hálsi, hrygg og öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að aftur á skutnum var gálgi fyrir netaniðurleggjara en slasaði tók í gálgastoðina til stuðnings þegar hann steig upp á rekkverkið og ætlaði að ná handfestu í fríholti á bryggjunni;
- að rekkverkið er tveggja þrepa röra handrið úr ryðfríu efni en slasaði taldi að það hafi verið hélað og því verulega hált en efri rimin er nær metra ofan við þilfarið;
- að stigi var á bryggjunni inn í einni skúffunni í stálþilinu og handfang niðurgreipt í bryggjukantinn. Miðsíða bátsins var við stigann. Slasaði valdi fremur að fara upp á bryggjuna af skutnum því þar hafði hann stuðning af gálganum og gat því stigið inn á bryggjuna nokkuð uppréttur. Ekkert handrið er á bryggjukantinum og taldi hann sig því þurfa að skríða inn á bryggjuna til að getað risið upp.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til fljótfærni slasaða að ráðast til uppgöngu þar sem ekki var stigi.